

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði mánudaginn 5. feb. 2015, kl. 20:00, Fundur, nr. 746
Mætt eru: Bjarnveig, Edda Kamilla, Einar, Guðrún, Sigrún, Sigurður,
Þorgerður, Þorsteinn.

- 1) Fundur settur kl 19:15
- 2) Lagt til að fresta samþykkt fundargerðar nr. 745 til næsta fundar. Samþykkt af fundarmönnum .
- 3) Innsend bréf.
 - a) Bréf dagsett 7. jan. frá UMFÍ: Tillaga vinnuhóps um landsmót UMFÍ, óskað eftir umsögnum. Lagt fram til kynningar.
 - b) Bréf dagsett 12. jan. frá KSÍ: Kosningar á 69. ársþingi KSÍ. Lagt fram til kynningar óskað er eftir framboðum til KSÍ. Samþykkt að stjórn UMSE leggi fram tillögu á þinginu þess efnis að leitað sé allra leiða til að gera fyrirlestra, umræður, fundi og annað sem tengist starfsemi hreyfingarinnar, aðgengilegt á rafrænuformi (senda út beint á netinu) svo að sem flestum sé gefinn kostur á að fylgast með því sem er að gerast hverju sinni óháð búsetu.
 - c) Bréf sagsett 16. jan. frá Dalvíkurbyggð: Styrkur kr 125 þúsund vegna kjörs á íþróttamanni UMSE. Lagt fram til kynningar.
 - d) Bréf dagsett 16. jan. frá ÍSÍ: Þingboð á 72. Íþróttþing ÍSÍ. Lagt fram til kynningar.
 - e) Bréf dagsett 23. jan. frá HSP: Bók og DVD diakur um fimmtíu ára sögu HSP er til sölu hjá félaginu. Lagt fram til kynningar. Samþykkt að UMSE kaupi bókina.
 - f) Bréf dagsett 29. jan. frá SSÍ: Ársþing Sundsambands Íslands verður haldið 6. mars. Lagt fram til kynningar.
 - g) Bréf dagsett 2. feb. frá KSÍ: Kosningar í stjórn, upplýsingar um framboð. Lagt fram til kynningar.
 - h) Bréf dagsett 2. feb. frá KSÍ: Þinggögn og kjörbréf. Lagt fram til kynningar. Bjarnveig formaður undirritaði kjörbréf fyrir hönd UMSE.
 - i) Bréf dagsett 2. feb. frá UMFÍ: Námsferð til Danmerkur 7.-10. maí. Lagt fram til kynningar.
 - j) Bréf dagsett 3. feb. frá UMFÍ: Ungt fólk og lýðræði. Haldið fyrir starfsmenn og forystufólk íþróttahreyfingarinnar í Danmörku dagana 7-10 maí. Lagt fram til kynningar. Framkvæmdastjóri lýsti yfir áhuga á að fara í þessa ferð. Samþykkt að styrkja framkvæmdastjóran um 70.000 kr. til fararinnar.
 - k) Bréf dagsett 3. feb. frá SSÍ: Tillögur fyrir ársþing SSÍ. Lagt fram til kynningar.
 - l) Bréf dagsett 3. feb. frá UMFÍ: Við erum öll fyrirmyndir. Skilti. Lagt fram til kynningar. Samþykkt að panta skilti og senda á aðildarfélög til dreifingar.
 - m) Bréf dagsett 5. feb. frá UMFÍ: Tilkynning um starfslok Sæmundar Runólfssonar framkvæmdastjóra UMFÍ til tuttugu og þriggja ára. Lagt fram til kynningar.
- 4) Formannafundur UMSE.

Farið var yfir fund með formönnum aðildarfélga sem haldin var 5. febrúar sl. Stjórnin lýsti yfir ánægju sinni með góðan og gagnlegan fund. Fundargerð frá fundinum verður birt á heimasíðu UMSE.
- 5) Ársþing UMSE.

- a) Ákveðið að halda ársþing UMSE að Funaborg í Eyjafjarðarsveit fimmtudaginn 12 mars kl: 18:00. Umsjón og skipulag þingsins verður í höndum Hestamannafélagsins Funa.
- b) Tillögur.
Ákveðið að stjórn UMSE leggi fram tillögu um breytingar á úthlutun lottótekna.
Ákveðið að stjórn UMSE leggi fram tillögu um stefnu UMSE þegar kemur að íþróttum og félagsstarfi, byggða á stefnumótunarskýrslu sem unnið hefur verið að og kynnt var á formannafundi. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að undirbúa tillögurnar sem lagðar verða fram á þingsinu.
Ákveðið að leggja fram tillögu um að stofna sjóð varðandi 100 ára afmæli UMSE. Einari og Þorsteini falið að undirbúa tillöguna fyrir ársþingið.
- c) Annað.
Ákveðið að skoða reglugerðir varðandi heiðranir UMSE og heiðra þá sem til þess hafa unnið með einum eða öðrum hætti á ársþinginu.
- 6) Frjálsíþróttir
- a) Keppnisferð á heimsleika unglunga í frjálsum íþróttum til Gautaborgar um miðjan júní. Samþykkt að UMSE veiti styrk vegna fararstjórnar.
- b) Búið að samþykkja samstarfssamning milli UFA og UMSE
- 7) Önnur mál.
Bjarnveig greindi frá því að hún ásamt gjaldkera hafi farið yfir ráðningarsamning framkvæmdastjóra og endurskoðað hann; nýr samningur muni miðast við að gilda frá áramótum. Samningurinn hefur ekki verið undirritaður, en síðasta launaútborgun miðaðist við endurskoðaðan samning, skv. leyfi formanns og gjaldkera. Varaformaður kvaðst ekki sátt við hvernig staðið væri að málinu; nýr samningur miðaðist við krónutölu í stað þess að vera bundinn launatöflu eins og rætt hefði verið um áður og eins að samningurinn hefði ekki verið lagður fyrir stjórn. Rætt var um að skilgreina þyrfti hvaða kröfur ætti að gera til þessa starfs, s.s. hvaða menntun væri nauðsynleg og hvaða viðmiðunarlaun ætti þá að hafa í huga. Málið er áfram á borði framkvæmdastjórnar þar sem nýi samningurinn hefur ekki verið undirritaður og ekki samþykktur af stjórn.
- 8) Næsti fundur ákveðinn 24 febrúar í Búgarði kl: 17:30 Þorgerður kemur með veitingar.
- 9) Fundi slitið kl. 21:15.

Sigrún Finnsdóttir, fundarritari

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE
